# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

# 2010

Frjálsi lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 19
105 Reykjavík
kt. 600978-0129

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

# 2010

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3-5 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-15 |
| Kennitölur | 16-21 |
| Sundurliðanir á verðbréfum | 22-23 |
| Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2011 (úrdráttur) | 24 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 16. mars 2011

**Deloitte hf.**

Halldór Arason
endurskoðandi

Guðmundur Ásgeirsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild.

### Frjálsi lífeyrissjóðurinn aftur valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi

Á árinu var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Þetta er annað árið í röð sem sjóðurinn vinnur til þessara verðlauna og er mikil viðurkenning fyrir sjóðinn og rekstraraðila hans, ekki síst í ljósi þeirra krefjandi aðstæðna sem ríkt hafa á Íslandi undanfarin misseri.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn vann einnig verðlaun hjá IPE árið 2005, en þá var sjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum Uppbygging lífeyrissjóða.

### Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2010 voru sjóðfélagar 40.632 og fjölgaði þeim um 2.144 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 14.316. Hrein eign sjóðsins nam 87.063 milljónum króna. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingaleiða séreignardeildar sem eru með mismunandi fjárfestingastefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun innistæðna | 8,1% | 9,4% | 8,8% | 10,3% | 7,8% |
| Raunávöxtun innistæðna | 5,4% | 6,6% | 6,1% | 7,5% | 5,0% |
| Hrein eign í millj.kr. | 51.268 | 3.735 | 12.721 | 0 | 19.321 |
| Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa | 35.436 | 2.307 | 4.685 | 23 | 29.284 |
| Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu | 10.579 | 3.735 | 12.721 | 18 | 18.828 |
| Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu | 7.220 | 630 | 1.948 | 11 | 7.372 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 698 | 185 | 545 | 0 | 674 |

| Markhópur | Yngri en 55 ára | Eldri en 55 ára | Lífeyris-þegar | Áhættu-sæknir | Allir |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingarstefna 2010: | | | | | |
| Skuldabréf | 65% | 85% | 75% | 60% | 85% |
| Innlend hlutabréf | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% |
| Erlend hlutabréf | 30% | 10% | 0% | 35% | 10% |
| Sérhæfðar fjárfestingar | 5% | 0% | 0% | 5% | 0% |
| Bankainnstæður | 0% | 5% | 25% | 0% | 5% |
| | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

# Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er rekinn af Arion banka og eru því engir starfsmenn hjá sjóðnum. Stjórnarmenn sjóðsins eru sjö talsins, þrír skipaðir af rekstraraðila og fjórir kosnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins.

### Þróun markaða

Á heildina litið var árið 2010 gott á fjármálamörkuðum. Að meðaltali hækkuðu íbúðabréf um 11% á árinu og ríkisbréf um 18%, sem verður að teljast gott á skuldabréfamarkaði. Þessar hækkanir voru m.a. vegna lækkunar vaxta og þá mældist verðbólga 2,5% í árslok, en svo lág verðbólga hefur ekki sést á Íslandi í langan tíma. Innlendur hlutabréfamarkaður átti einnig góðu gengi að fagna, en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 14,6% á árinu. Umsvif á markaðnum drógust þó heldur saman. Þokkalegur gangur var einnig á erlendum hlutabréfamörkuðum en sveiflur þar voru þó töluvert miklar. Skuldakreppa í Evrópu, fjárlagahalli í Bandaríkjunum og mikið atvinnuleysi eru ofarlega í huga fjárfesta. Þrátt fyrir það virðist heimshagkerfið vera að taka við sér og á árinu 2010 hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index) um 9,6% mælt í Bandaríkjadölum. Hinsvegar styrktist krónan um 11,6% á árinu 2010 sem hefur neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna mælt í krónum. Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins var á heildina litið góð árið 2010 m.v. markaðsaðstæður.

### Tryggingafræðileg staða

Hlutfall heildareigna á móti heildarskuldbindingum tryggingadeildar sjóðsins var í lok árs neikvætt um 6,9% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um og ber sjóðnum því ekki skylda til að lækka réttindi sjóðfélaga. Hlutfall heildareigna á móti áunnum skuldbindingum var neikvætt um 17,8%.

Á ársfundi sjóðsins 2010 var samþykkt að lækka áunnin réttindi og lífeyrisgreiðslur mánaðarlega sem næmi mánaðarlegri hækkun verðbólgu. Með þessum hætti var stefnt að því að ná fram betra tryggingafræðilegu jafnvægi í sjóðnum en jafnframt milda þau áhrif sem lífeyrisþegar yrðu fyrir við lækkun lífeyrisgreiðslna. Fyrrnefnd lækkun réttinda tók hinsvegar ekki gildi því hún var ekki staðfest af fjármálaráðuneytinu sem taldi aðferðafræðina ekki eiga stoð í lögum.

### Stjórnarlaun og umsýsluþóknun

Heildarstjórnarlaun á árinu 2010 námu 6,5 milljónum kr. og umsýsluþóknun til rekstraraðila 314,1 milljónum kr. Þar að auki nam árangurstengd þóknun til Arion banka vegna eignastýringar sjóðsins um 78,2 milljónum kr.

### Staða gjaldmiðlasamninga við föllnu bankana

Enn er mikil óvissa um það hvernig gera á upp gjaldmiðlasamninga við hina föllnu banka. Í ársreikningnum er eins og áður miðað við að samningarnir séu gerðir upp miðað við gildi gengisvísitölu á gjalddaga samninganna og að skuldabréf verði notuð til skuldajöfnunar, eftir því sem hægt er. Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Landssamtök lífeyrissjóða, f.h. aðildarsjóða sinna, gera þó kröfu um hagstæðara uppgjör. Nettóskuld samninganna skv. ársreikningi er 1.700,6 milljónir króna.

## Skýrsla stjórnar

### Enn auknar heimildir til útgreiðslu séreignar

Þann 1. janúar síðastliðinn tóku gildi ný lög sem auka enn á heimildir til útgreiðslu séreignarsparnaðar, og geta sjóðfélagar nú tekið fyrirfram allt að 5,0 milljónir króna, með jöfnum greiðslum. Þetta gæti leitt til aukins útflæðis úr séreignardeild sjóðsins, en þó má gera ráð fyrir því að heildarútflæði vegna fyrirframútgreiðslu séreignar muni minnka á milli ára. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki átt í erfiðleikum með að mæta þessu útflæði þar sem gæði og seljanleiki eignasafnsins er mikill.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins vegna ársins 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2011

**Í stjórn**

Ásgeir Thoroddsen
stjórnarformaður

Ásdís Eva Hannesdóttir

Bjarnar S. Ingimarsson

Elías Jónatansson

Elín Þórðardóttir

Haukur F. Leósson

Jónmundur Guðmarsson

**Framkvæmdastjóri**

Arnaldur Loftsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2010

| | Skýr. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2010 | Samtals 2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga ................................ | | 1.174.465 | 99.210 | 291.209 | 1.292 | 474.803 | 2.040.980 | 2.003.889 |
| Iðgjöld launagreiðenda ....................... | | 1.755.281 | 126.785 | 439.077 | 1.935 | 1.456.821 | 3.779.900 | 3.708.751 |
| Réttindaflutn. og endurgreiðslur ...... | | (380.852) | 222.940 | 343.905 | 2.411 | (15.160) | 173.244 | (1.413.315) |
| Framlag ríkisins til jöfnun örorkub. . | | 0 | 0 | 0 | 0 | 74.825 | 74.825 | 0 |
| | 9/10 | 2.548.894 | 448.935 | 1.074.192 | 5.638 | 1.991.290 | 6.068.949 | 4.299.324 |
| **Lífeyrir** | | | | | | | | |
| Lífeyrir ................................................... | 11 | (1.334.851) | (140.246) | (807.086) | 0 | (235.347) | (2.517.530) | (4.345.965) |
| Umsjónarnefnd eftirlauna .................. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 122 | 122 | 225 |
| | | (1.334.851) | (140.246) | (807.086) | 0 | (235.224) | (2.517.407) | (4.345.740) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum ....................... | | (15.062) | (2.346) | 0 | (2) | (12.521) | (29.931) | 241.945 |
| Vaxtatekjur og gengismunur ............. | 12 | 4.051.578 | 316.031 | 1.136.914 | 1.615 | 1.472.634 | 6.978.772 | 10.374.030 |
| Breytingar á niðurfærslu ..................... | 15/16 | 195.865 | 16.445 | (77.466) | 0 | (44.109) | 90.735 | (1.481.971) |
| | | 4.232.381 | 330.131 | 1.059.448 | 1.613 | 1.416.004 | 7.039.577 | 9.134.004 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .. | | (73.278) | (5.318) | (19.036) | (36) | (27.343) | (125.010) | (106.589) |
| Önnur fjárfestingargjöld .................... | | (82.031) | (5.520) | (19.036) | (36) | (28.836) | (135.458) | (64.767) |
| | 18 | (155.308) | (10.837) | (38.071) | (72) | (56.179) | (260.468) | (171.354) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .. | 18 | (76.978) | (5.509) | (19.674) | (33) | (31.738) | (133.932) | (101.331) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu .......... | 21 | 5.214.137 | 622.474 | 1.268.809 | 7.147 | 3.084.153 | 10.196.719 | 8.814.902 |
| Hrein eign frá fyrra ári ....................... | | 46.054.352 | 3.112.851 | 11.451.821 | 11.171 | 16.236.554 | 76.866.749 | 68.051.848 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris ...... | | 51.268.490 | 3.735.325 | 12.720.630 | 18.317 | 19.320.707 | 87.063.469 | 76.866.750 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| | Skýr. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2010 | Samtals 2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum ... | 13 | 26.942.288 | 1.394.605 | 1.427.640 | 4.651 | 4.159.612 | 33.928.796 | 32.842.827 |
| Verðbréf með föstum tekjum ........... | 14/15 | 23.840.968 | 2.290.885 | 9.134.021 | 13.374 | 14.749.230 | 50.028.477 | 39.209.530 |
| Veðlán ................................................... | 17 | 1.192.780 | 0 | 0 | 0 | 18.495 | 1.211.275 | 1.000.965 |
| Verðtryggð innlán .............................. | | 0 | 0 | 2.039.877 | 0 | 0 | 2.039.877 | 1.914.536 |
| Aðrar fjárfestingar .............................. | 22 | 0 | 0 | 0 | 0 | 14.788 | 14.788 | 14.788 |
| | | 51.976.036 | 3.685.491 | 12.601.537 | 18.024 | 18.942.125 | 87.223.213 | 74.982.646 |
| **Kröfur** | | | | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur .................. | | 223.397 | 15.925 | 55.370 | 72 | 81.039 | 375.804 | 363.636 |
| Aðrar kröfur ........................................ | | 4.779 | 336 | 2.925 | 4 | 77.244 | 85.288 | 97.263 |
| | | 228.177 | 16.261 | 58.295 | 76 | 158.283 | 461.092 | 460.899 |
| **Aðrar eignir** | | | | | | | | |
| Bankainnstæður .................................. | | 653.738 | 83.469 | 143.306 | 384 | 765.670 | 1.646.567 | 2.824.705 |
| **Eignir samtals** | | 52.857.950 | 3.785.221 | 12.803.139 | 18.484 | 19.866.078 | 89.330.872 | 78.268.251 |
| **Skuldbindingar** | | | | | | | | |
| Gjaldmiðlasamningar .......................... | 23 | (1.321.467) | (27.714) | 0 | (108) | (351.274) | (1.700.563) | (905.313) |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | | | | |
| Aðrar skuldir ....................................... | | (267.993) | (22.182) | (82.509) | (60) | (194.096) | (566.840) | (496.188) |
| **Skuldir samtals** | | (1.589.461) | (49.896) | (82.509) | (167) | (545.370) | (2.267.403) | (1.401.501) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris ...... | | 51.268.490 | 3.735.325 | 12.720.630 | 18.317 | 19.320.707 | 87.063.469 | 76.866.750 |

# Sjóðstreymi 2010

| | Skýr. | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2010 | Samtals 2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | | | | | |
| Iðgjöld | | 2.548.894 | 448.935 | 1.074.192 | 5.638 | 1.991.290 | 6.068.949 | 4.299.325 |
| Fjárfestingartekjur | | 4.943.714 | 333.851 | 1.059.448 | 1.627 | 1.496.186 | 7.834.828 | 8.228.691 |
| Afborganir verðbréfa | | 1.488.234 | 154.471 | 1.024.907 | 648 | 835.628 | 3.503.888 | 2.558.111 |
| Seld verðbréf með breytil. tekjum | | 8.959.913 | 390.766 | 814.921 | 5.779 | 3.631.419 | 13.802.797 | 8.206.913 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 2.706.473 | 134.835 | 4.232.700 | 431 | 2.033.006 | 9.107.446 | 8.490.665 |
| | | 20.647.229 | 1.462.859 | 8.206.168 | 14.123 | 9.987.529 | 40.317.907 | 31.783.704 |
| **Útgreiðslur** | | | | | | | | |
| Lífeyrir | | 1.334.851 | 140.246 | 807.086 | 0 | 235.347 | 2.517.530 | 4.345.965 |
| Fjárfestingargjöld | | 155.308 | 10.837 | 38.071 | 72 | 56.179 | 260.468 | 171.355 |
| Rekstrarkostnaður | | 76.978 | 5.509 | 19.674 | 33 | 31.738 | 133.932 | 101.331 |
| Skammtímaliðir, breyting | | 23.128 | (1.616) | (10.475) | 6 | 59.416 | 70.458 | (80.550) |
| | | 1.590.266 | 154.976 | 854.357 | 111 | 382.679 | 2.982.388 | 4.538.101 |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | | 19.056.963 | 1.307.883 | 7.351.811 | 14.012 | 9.604.850 | 37.335.519 | 27.245.603 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | | | | | |
| Keypt verðbréf með breytil. tekjum | | 8.199.403 | 576.759 | 1.978.602 | 7.481 | 2.837.369 | 13.599.614 | 8.375.005 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | | 11.243.429 | 740.923 | 5.555.504 | 6.920 | 6.963.855 | 24.510.632 | 18.902.969 |
| Ný veðlán og útlán | | 278.071 | 0 | 0 | 0 | 0 | 278.071 | 134.970 |
| Hækkun á bankainnistæðum | | 0 | 0 | 125.341 | 0 | 0 | 125.341 | 556.798 |
| | | 19.720.903 | 1.317.682 | 7.659.447 | 14.402 | 9.801.224 | 38.513.657 | 27.969.742 |
| Hækkun/(lækkun) á bankainnist | | (663.940) | (9.799) | (307.635) | (390) | (196.375) | (1.178.138) | (724.139) |
| Bankainnistæður í ársbyrjun | | 1.317.677 | 93.268 | 450.941 | 773 | 962.045 | 2.824.705 | 3.548.844 |
| **Bankainnistæður í árslok** | | 653.738 | 83.469 | 143.306 | 384 | 765.670 | 1.646.567 | 2.824.705 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. **Grundvöllur reikningsskilanna**

   Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármáleftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

2. **Mat og ákvarðanir**

   Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

3. **Erlendir gjaldmiðlar**

   Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

| | | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Mynt | 2010 | 2009 | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
| Evra | EUR | 161,89 | 172,67 | 153,80 | 179,88 |
| Bandaríkjadollar | USD | 122,04 | 123,59 | 115,05 | 124,90 |
| Japanskt jen | JPY | 1,39 | 1,32 | 1,41 | 1,35 |
| Svissneskur franki | CHF | 117,24 | 114,32 | 122,91 | 121,26 |
| Sterlingspund | GBP | 188,55 | 193,89 | 178,47 | 201,60 |
| Sænsk króna | SEK | 16,96 | 16,30 | 17,16 | 17,52 |
| Dönsk króna | DKK | 21,74 | 23,19 | 20,64 | 24,17 |

4. **Áhættustjórnun**

   Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sjóðnum. Sjá nánar í skýringu 23.

5. **Verðbréf**

   *Frjálsi 1, Frjálsi 2 og Frjálsi 3, Frjálsi Áhætta:*

   Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

   *Tryggingadeild:*

   Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 og Frjálsa Áhætta hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

6. **Skráning tekna**

   Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

   Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

7. **Rekstrarkostnaður**

   Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

8. **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Iðgjöld

9. Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Iðgjöld sjóðfélaga eru greidd inn á sameiginlegan bankareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild sjóðfélagar eru og eftir móttöku skilagreina er fært af bankareikningnum inn á viðkomandi deild. Í árslok 2010 er staðan á iðgjaldabankareikningi sjóðsins um 110,7 milljónir króna.

10. Iðgjöld greinast þannig:

| | Samtals 2010 |
|---|---|
| Lágmarksiðgjöld | 4.509.616 |
| Viðbótariðgjöld | 1.311.264 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 173.244 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | 74.825 |
| | 6.068.949 |

## Lífeyrir

11. Lífeyrir greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 381.246 | 90.449 | 509.531 | 0 | 80.833 | 1.062.058 |
| Barnalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.144 | 9.144 |
| Makalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 24.771 | 24.771 |
| Örorkulífeyrir | 10.615 | 98 | 7.598 | 0 | 120.599 | 138.911 |
| Fyrirframgreiðsla séreignasparnaðar | 894.905 | 43.567 | 236.624 | 0 | 0 | 1.175.095 |
| Annar lífeyrir | 48.085 | 6.133 | 53.334 | 0 | (122) | 107.429 |
| | 1.334.851 | 140.246 | 807.086 | 0 | 235.224 | 2.517.407 |

## Vaxtatekjur og gengismunur

12. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf og hlutdeildarskírteini | 3.952.986 | 309.664 | 982.569 | 1.526 | 1.397.981 | 6.644.727 |
| Vaxtatekjur vegna iðgjalda | 35.609 | 1.740 | 4.723 | 41 | 0 | 42.112 |
| Bankainnistæður | 122.158 | 7.192 | 166.084 | 48 | 74.653 | 370.134 |
| Árangurstengd þóknun | (59.175) | (2.564) | (16.461) | 0 | 0 | (78.201) |
| | 4.051.578 | 316.031 | 1.136.914 | 1.615 | 1.472.634 | 6.978.772 |

## Fjárfestingar

13. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Óskráð innlend hlutabréf | 60.694 | 4.569 | 20.175 | 0 | 8.438 | 93.876 |
| Skráð erlend hlutabréf | 366.311 | 27.121 | 0 | 181 | 138.354 | 531.968 |
| Óskráð erlend hlutabréf | 50.045 | 1.012 | 0 | 0 | 16.172 | 67.229 |
| Innlend hlutdeildarskírteini | 11.236.421 | 991.619 | 1.407.465 | 3.014 | 2.137.326 | 15.775.845 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | 15.228.817 | 370.284 | 0 | 1.455 | 1.859.322 | 17.459.878 |
| | 26.942.288 | 1.394.605 | 1.427.640 | 4.651 | 4.159.612 | 33.928.796 |

14. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 22.135.983 | 2.156.591 | 8.717.957 | 13.374 | 13.871.331 | 46.895.235 |
| Skuldabréf með ábyrgð fjármálast. | 277.796 | 13.612 | 11.757 | 0 | 88.317 | 391.483 |
| Skuldabréf með ábyrgð sveitafélaga | 76.074 | 9.614 | 0 | 0 | 200.764 | 286.452 |
| Önnur skuldabréf | 1.351.114 | 111.067 | 404.307 | 0 | 588.818 | 2.455.306 |
| | 23.840.968 | 2.290.885 | 9.134.021 | 13.374 | 14.749.230 | 50.028.477 |

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa Áhættu, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu | 22.290.440 | 2.057.822 | 8.691.947 | 12.293 | 14.749.230 | 47.801.732 |
| Samkvæmt ársreikningi | 23.840.968 | 2.290.885 | 9.134.021 | 13.374 | 14.749.230 | 50.028.477 |
| | (1.550.528) | (233.064) | (442.073) | (1.081) | 0 | (2.226.745) |

Áætlað markaðsverð verðbréfa með fötum tekjum í tryggingadeild, var 16.225 milljónir króna í lok tímabilsins, samanborið við 14.749 milljónir króna sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 1.476 milljónum króna hærra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild 637 milljónir króna hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

Sjóðurinn keypti á árinu skuldabréf af Seðlabanka Íslands útgefin af íbúðalánasjóði og greiddi fyrir með evrum. Ávöxtunarkrafan á skuldabréfunum á kaupdegi var 7,2% en á sama tíma var markaðskrafa samskonar bréfa mun lægri. Mismunurinn á ávöxtunarkröfu bréfanna og markaðskröfu var tekjufærður við viðskiptin.

15. Breytingar á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum ársins leiða til þess að tekjufærðar eru 101,4 milljónir króna í yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2010.

Varúðarniðurfærsla á skuldabréfum með föstum tekjum greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf fjármálafyrirtækja | 1.393.736 | 55.938 | 49.298 | 232.693 | 1.731.664 |
| Skuldabréf annarra fyrirtækja | 523.617 | 51.522 | 217.886 | 89.881 | 882.906 |
| | 1.917.353 | 107.459 | 267.184 | 322.574 | 2.614.569 |
| Varúðarniðurfærsla í upphafi árs | 2.518.184 | 200.328 | 271.028 | 390.638 | 3.380.178 |
| Lækkun á niðurfærslu á árinu | 600.831 | 92.869 | 3.844 | 68.064 | 765.608 |

Lækkun á varúðarniðurfæslu á árinu greinist þannig:

| | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi 3 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf fjármálafyrirtækja | 334.509 | 65.496 | (49.298) | 53.014 | 403.721 |
| Skuldabréf annarra fyrirtækja | 266.323 | 27.373 | 53.142 | 15.050 | 361.887 |
| | 600.831 | 92.869 | 3.844 | 68.064 | 765.608 |

Sjóðurinn á jafnframt skuldabréf útgefin af Kaupþing banka hf. sem ekki eru niðurfærð þar sem fyrirhugað er að nota þau til skuldajöfnunar sbr. skýring 24.

Niðurfærsla sem gjaldfærð er í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris greinist með eftirfarandi hætti:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Endanlega afskrifað á árinu | (394.150) | (76.424) | (81.310) | (112.320) | (664.204) |
| Breyting á varúðarniðurfærslu á árinu | 600.831 | 92.869 | 3.844 | 68.064 | 765.608 |
| | 206.681 | 16.445 | (77.466) | (44.256) | 101.404 |
| Niðurfærsla ársins í hlutfalli við hreina eign í lok árs | 0,4% | 0,4% | -0,6% | -0,2% | 0,1% |

16. Skipting erlendra eigna eftir gjaldmiðlum:

| 31.12.2010 | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Frjálsi Áhætta | Trygginga-deild |
|---|---|---|---|---|
| Bandaríkjadollar | 46,0% | 43,6% | 0,2% | 34,3% |
| Japanskt jen | 11,4% | 10,4% | 0,0% | 9,2% |
| Dönsk króna | 2,4% | 7,5% | 11,1% | 7,4% |
| Evra | 39,7% | 38,5% | 88,7% | 47,3% |
| Aðrar myntir | 0,5% | 0,0% | 0,0% | 1,8% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 31.12.2009 | | | | |
| Bandaríkjadollar | 41,1% | 37,7% | 0,0% | 24,4% |
| Japanskt jen | 9,8% | 8,6% | 0,0% | 4,2% |
| Dönsk króna | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Evra | 48,6% | 53,7% | 100,0% | 70,6% |
| Aðrar myntir | 0,5% | 0,0% | 0,0% | 0,8% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

17. Veitt lán gegn veði í fasteignum:

| | Frjálsi 1 | Trygginga-deild | Samtals 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| Sjóðfélagar | 1.247.554 | 19.468 | 1.267.022 |
| Aðrir aðilar | 7.604 | 0 | 7.604 |
| Varúðarniðurfærsla í upphafi árs | (51.561) | (1.121) | (52.682) |
| Varúðarniðurfærsla á árinu | (10.816) | 147 | (10.669) |
| | 1.192.780 | 18.495 | 1.211.275 |

## Önnur mál

18. Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á tímabilinu nam 392,3 milljón króna. Af þóknun til rekstraraðila færast 314,1 milljón króna meðal fjárfestingagjalda og rekstrarkostnaðar og 78,2 milljón króna er árangurstengd þóknun færð til lækkunar á fjárfestingartekjum. Þóknun til Arion verðbréfavörslu hf. nam 19,2 milljónum króna. Aðrar þóknanir sem eru vegna erlendra fjárfestinga námu 10,4 milljónum króna.

Þóknun að fjárhæð 343,8 milljónir króna, til framangreindra aðila er gjaldfærð meðal fjárfestingargjalda 260,5 milljónir króna og meðal rekstrarkostnaðar 83,3 milljónir króna.

Meðal fjárfestingagjalda á árinu 2009 var tekjufærð endurgreidd þóknun vegna erlendra fjárfestinga að fjárhæð 41,8 milljónir króna og er hún færð á því ári til lækkunar á öðrum fjárfestingargjöldum.

19. Stjórnarlaun fyrir árið 2010 sundurliðast með eftirfarandi hætti:

| | 2010 |
|---|---|
| Ásgeir Thoroddsen | 1.620 |
| Ásdís Eva Hannesdóttir | 810 |
| Bjarnar S. Ingimarsson | 810 |
| Jónmundur Guðmarsson | 810 |
| Elías Jónatansson | 810 |
| Haukur F. Leósson | 810 |
| Elín Þórðardóttir | 810 |
| | 6.480 |

Endurskoðunarnefnd sjóðsins skipa Ásdís Eva Hannesdóttir, Bjarnar S. Ingimarsson og Haukur F. Leósson. Laun endurrskoðunarnefndar á tímabilinu námu alls 600 þúsundum króna.

20. Þóknanir til endurskoðenda á árinu 2010 sundurliðast með eftirfarandi hætti (með vsk.):

| | 2010 |
|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 3.039 |
| Könnun árshlutareikninga | 2.550 |
| Önnur þjónusta og útlagður kostnaður | 1.276 |
| | 6.865 |

21. Breytingar á inneign sjóðfélaga greinast þannig á árinu:

